


1 0 1 2 3 4 5 m




NR FJÖLDI | BREYTINGAR | DAGS SAMÞ

# MIÐBÆR HAFNARFJARÐAR

## FJARÐARGATA 13–15


ALMENNA VERKFRÆÐISTOFAN HF FRV

FELLSMÚLA 26 – 108 REYKJAVÍK

SÍMI (91) 678100 FAX (91) 680284


HEITI: HREINLÆTISLAGNIR 1.HÆÐ, HÓTEL GRUNNMYND, HL. 5

MÁL: 1:50

| HANNAÐ | TEIKNAÐ | YFIRFARIÐ | SAMÞ. |
|---|---|---|---|
| RHauks | RHauks | ÓA | S. J. |

DAGS: 17/11 1993

TEIKNING NR.: 1032–V–101

BREYTING NR.:

07 FEB. 1994 HAFNARFJARÐAR BYGGINGAFULLTRÚINN

1. eða 2. hæð sjá blað V-102

## SKÝRINGAR VIÐ FRÁRENNSLISLAGNIR

### Efni og frágangur

Frárennslispípur skulu vera úr járnsteypu, en einstakar greinar næst tækjum mega vera plastpípur af viðurkenndri gerð (PP eða PEH). Plastpípur skal ekki leggja í gegnum brunaskilrúm. Regnvatnsleiðslur utaná útveggjum skulu vera úr PEH plasti.

Frárennslisleiðslur skal einangra eins og lýst er hér í skýringum. Einstakar stuttar greinar í milliveggjum nægir að einangra með flókaslöngum eða vefja með sísalpappa.

Eftir að prófunum og útskolun er lokið skal öllum tengistútum lokað vandlega þar til tæki verða tengd við þá.

### Frárennslisleiðslur

1. Leiðslur úr járnsteypu

Frárennslisleiðslur úr járnsteypu skulu vera SML pípur samkvæmt framleiðslustaðlinum DIN 19522. Efni skal vera GG15 járnsteypa samkvæmt DIN 1691. Pípur og tilheyrandi tengistykki skulu vera málaðar með epoxy tjörumálningu að innan, en með ryðvarnarmálningu að utan. Öll skurðsár skal mála með epoxy tjörumálningu strax eftir að pípa hefur verið skorin. SML leiðslur skal skeyta saman með krómhúðuðum stálklemmum og EPDM (ethylene–propylene–terpolymere) þéttingum frá sama framleiðanda og pípur. Samskeyti skulu þola a.m.k. 5 m vatnsálag án þess að leka.

2. Leiðslur úr PP plasti

Leiðslur úr PP (polypropylene) plasti skulu vera samkvæmt DIN 19560. PP plastpípur skal setja saman með múffum með þéttihring úr gúmmíi. Þéttihringurinn skal vera með tvöfaldri vör.

3. Upphengjur og festingar

Fjarlægð á milli upphengja og festinga og frágangur skal vera eins og sýnt er á teikningu nr. 1032–V–03
Á járnsteyptum leiðslum skal fjarlægð aldrei vera meiri en 2 m og þær skulu ekki vera fjær samsetningu en 0,75 m. Festur skulu vera með innan við 12 m millibili.
Upphengjur og festingar á plastpípum skulu vera með innan við 1 m millibili

4. Einangrun

Frárennslisleiðslur skal einangra með 20 mm þykkum einangrunarskálum. Einangrunin skal vera úr steinull með ekki minni rúmþyngd en 80 kg/m3. Einangrunarskálarnar skulu vera með áföstu rakavarnarlagi úr þráðstyrktri sterkri álþynnu með yfirlöppun langs eftir einangruninni, eða vafðar plasti. Yfirlöppuninni og öllum samskeytum á rakavarnarlagi skal loka vandlega með sterku lími eða állímbandi/plastlímbandi, sem ekki er mjórra en 50 mm. Beygjur og tengistykki skal einangra með tilskornum einingum, sem löguð eru eins og tilheyrandi beygja eða tengistykki.
Frárennslisgreinar í milliveggjum skal vefja með asfaltpappa, eða einangra með flókaslöngum.

### Skýringar

Sjá skýringar fyrir vatnslagnir á teikningu nr. 1032–V–102.
Sjá skýringar og tákn á teikningu nr. 1032–V–01.
Sjá dæmigerðar sérmyndir á teikningu nr. 1032–V–03, og nr. 1032–V–04.